

Náttúruhamfarir í Portúgal, afleiðingar og staðan í dag.



Frá 22. janúar sl. komu 16 lægðir í röð frá Atlantshafi yfir Portúgal, sumar vægar en aðrar verri, jafnvel mun verri. Sú versta var sprengilægðin Kristín, sem náði fellibylsstyrk þegar hún gekk á land í Leiria umdæmi snemma nætur 27. janúar. Undirritaður hafði tvisvar samband við fréttastofu RÚV til að vekja athygli á því sem gerðist en fékk ekki svo mikið sem „takk“ fyrir. RÚV og Mbl birtu reyndar stutta frétt hvor miðill þegar fréttir fóru að berast af mannskæðum flóðum í Portúgal, sem fylgdu næstu lægðum en meira varð það nú ekki. Mér skilst reyndar að fréttamiðlar fleiri Evrópulanda hafi lítið fjallað um það sem gerðist og tilfinningin er að fólk hafi ekki gert sér grein fyrir umfangi þessara náttúruhamfara.

Fyrsta lægðin kom 22. janúar. Hún var frekar lítil en köld og henni fylgdi snjókoma niður í upp 500 metra hæð, sem er tiltölulega sjaldgæft. Daginn eftir ókum við hjónin upp í fjallaþorpið Coentral til að virða fyrir okkur snjóinn. Veginum um Lousã fjöll, sem fer upp 900 m hæð var lokað.

Sprengilægðin Kristín var fjórða í röðinni og náði hámarki amk hér uppi í fjöllunum í Leiria um fimmleytið nóttina 27. janúar. Í litla þorpinu okkar Moita fór rafmagnið um það leyti og var mikil ljósasýning meðan á því gekk. Þegar við vöknudum um morguninn var ekkert rafmagn, ekkert internet og ekkert símasamband þannig að til að byrja með vissum við ekki hvernig ástandið var.

Um það bil ein milljón manns voru rafmagnslaus og án internets eða símasambands þennan morgun. Þakplötur og jafnvel heilu þökin fuku af húsum. Tré ýmist brotnuðu eða rifnuðu upp með rótum. Háspennumöstur og rafmagns- og símastaurar brotnuðu. Bílar fuku og sumar byggingar gereyðilögðust. Umferðarmerki og vegaskilti brotnuðu, beygluðust og fuku. Alls fórust 10 manns í hamförunum.

Svo byrjaði að rigna. Næstu lægðir báru með sér meiri og samfelldari úrkomu en við höfum áður séð hér í þau 7 ár, sem við höfum búið hérna. Vatnstjón í þaklausum húsum var gífurlegt eins og gefur að skilja. Öll vatnsforðabúr fylltust og flóð urðu meiri en sést hefur hér í mörg ár. Alls fórust 6 manns í flóðum, sem bætist við hina 10, sem Kristín drap. Jarðvegur varð gersamlega vatnssósa með tilheyrandi skriðuföllum. Vegir fóru í sundur þegar jarðvegur gaf sig og eru enn sumir lokaðir.

Hér í Portúgal eru engar skyldutryggingar á fasteignum, amk ekki mannabústöðum. Sumir hafa einfaldlega ekki efni á að tryggja hús sín eða innbú og sum tryggingafélög bjóða ekki brunatryggingar svo dæmi sé tekið. Við sluppum reyndar mjög vel frá þessum hamförum en við

þekkjum fólk, sem enn hefur ekki fengið nýtt þak eftir ósköpin. Við fréttum reyndar af tryggðu fólki, sem gat strax gert við þakið að hluta á eigin spýtur en þegar tjónamaðurinn loksins kom neitaði hann að greiða fyrir það sem fólkið var búíð að gera.

Sumir voru svo heppnir að þeir fengu rafmagn og internet aðeins fáum dögum eftir óveðrið. Aðrir þurftu að bíða í meira en mánuð. Við fengum rafmagn eftir sex og hálfan dag en internetið fengum við ekki fyrr en 6. apríl og framan af var 4G/5G samband mjög stopult. Þegar þetta er skrifað eru enn um 20 þúsund manns án fastlínusímasambands.

Ástæða þess að ég skrifa ekki um þetta fyrr en nú er að ég vildi bíða og sjá hve langan tíma það tæki að koma öllu í samt lag aftur. Nú þegar meira en 3 mánuðir eru liðnir frá Kristínu er ljóst að það mun taka mun lengri tíma en ég gerði mér grein fyrir. Enn eru sumir án fastlínusímasambands og án þaks yfir höfuðið. Vegir eru enn í sundur og má benda á að önnur akreinin til norðurs á hraðbrautinni A13 til Coimbra er óaksturshæf á löngum kafla. Líklega er enn langt í land að ástandið komist aftur í eðlilegt horf.

Maí 2026

Þessi grein hefur áður birst á [Neistum](#) með fleiri myndum.